

Útskriftarræða 2024 – Agnes Fríða Þórðardóttir

Ágætu ML-ingar og aðrir jafnmikilvægir gestir. Komiði sæl og verið hjartanlega velkomin á þessa hátíðarstund þar sem við í þriðja bekk köllum okkur ekki þriðjubekkinga lengur. En þetta fallega fólk sem þið sjáið hér er enginn venjulegur hópur af fólki.

Við komum í ML eins og hver annar árgangur, skíthrædd en samt spennt á sama tíma fyrir þessum nýja kafla í lífi okkar og höfðum í rauninni enga hugmynd um hvað beið okkar á þessum þrem árum sem framundan voru. Okkur var skipt upp í F og N bekk og við lærðum Líffræði, Sálfræði, Eðlisfræði, Frönsku, Þýsku og svo framvegis. Við lærðum á þolinmæði og vinasambönd en við lærðum líka manna best hvað það er mikilvægt að hlusta á gamla fólk, það hefur vanalega rétt fyrir sér. En það mikilvægasta sem mér finnst við hafa lært hér var það hvað það er mikilvægt að standa saman sem heild og það er eitthvað sem ég tek með mér út í lífið. Þennan bekk hérna má kannski kalla einskonar vandræðabekk og við þurftum oft að kenna á því að hafa bitið í súra eplið. Skyldó, öll rifrildin sem áttu sér stað á Messenger, skyldó aftur, dimmisio búningarnir voru eitthvað skrytnir og svo autvitað... stóra ágúst málið. Já, það var margt sem gekk kannski þínulítið brösulega hjá okkur en allt þetta styrkti okkur og byggði samheldni innan hópsins og samheldni við annað starfsfólk skólans. Það er það sem ég meina þegar ég segi að þessi bekkur sé enginn venjulegur hópur af fólki. Við erum ein stór fjölskylda sem hefur gengið saman í gegnum súrt og sætt og lært af því og orðið sterkari einstaklingar á eftir.

Þegar almennt er talað um ML er alltaf talað um heimavistina og félagslífið og viðburðina sem eru haldnir en mér finnst að það ætti líka að vera talað um bekkinn, af því að af öllu því skemmtilega sem gerðist á skólagöngunni minni þá mun ég seinast gleyma bekknum mínum og hversu samheldin við vorum öll orðin í lokin og ég hef aldrei verið stoltari að tilheyra einhverjum hópi eins og þessum hér.

Það gekk kannski ýmislegt brösulega en auðvitað voru hundrað sinnum fleiri hlutir sem gengu vel hjá okkur. Til dæmis bekkjarmótin, kaffihúsakvöldin eða kórtónleikar en ég verð samt sérstaklega að nefna Dimmisio. Ég hef gert fátt jafn skemmtilegt og að dimmitera og sama hversu slæmt standið var á okkur næsta dag þá vorum við öll sammála um það að þessum degi myndum við aldrei gleyma. Það var spjallað, grátið, hlegið, kennarar og nemendur voru kvaddir með stæl og allir hámuðu í sig góðan mat um kvöldið. Ótalmarga aðra hluti er hægt að nefna en í stuttu máli getum við öll verið sammála um að þessum þremur árum sem við eyddum hér í ML verður seint gleymt.

Á skólagöngunni okkar voru margir sem komu og sáu. Sumir komu, sáu, fóru og komu svo aftur. Sumir komu, leist ekkert á þetta og fóru eða leist ekkert á þetta en héldu samt áfram, en við sem útskrifumst hérna í dag komum, sáum og sigruðum. Og ekki nóg með það heldur höfum við þroskast heilan helling og fundið okkur sjálf við það að vera hérna. En hvað tekur við? Þá verð ég eiginlega bara að vitna í bestu kvikmynd allra tíma og eitt ansi gott leikrit, þó ég segi sjálf frá, og segja að núna er svo sannarlega búið að taka tappann úr baðinu og við gullfiskarnir fljótum út í lífið. Sumir eru með eitthvað plan, sumir vita ekkert hvað tekur við en það er líka allt í lagi, af því að fyrst ætlum við að skreppa í smá menningarferð til Mexico og ég veit ég segi alveg eins og er að þar höldum við í gamlan vana og það verður alltaf komin ró klukkan ellefu, allavega að morgni til.

Takk fyrir okkur elsku ML og megir þú áfram þroska og fræða fullt af nemendum.